

Afgreiðslufundur byggingafulltrúa Dalvíkurbyggðar

Fundur nr. 1

Haldinn 05.05.2021 kl 8:30 í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar

Viðstaddir voru: Þorsteinn Björnsson sviðsstjóri og byggingafulltrúi, Vilhelm Anton Hallgrímsson slökkviliðsstjóri og Helga Íris Ingólfssdóttir skipulags- og tæknifulltrúi sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Hringtún 17, arkitekta- og verkfræðiteikningar

Farið var yfir grunnmynd, útlit og snið af aðalteikningum og engar athugasemdir gerðar.

Vakin var athygli á nauðsyn þess að fjölga húsbrennum með vísan í 14.6.1 gr.

Byggingarreglugerðar 112/2012. Einnig vakin athygli á að niðurfall vantar í bílastæði framan við hús. Fyrir liggur ósk um byggingarleyfi sem fer fyrir fund Umhverfisráðs.

2. Hringtún 19, arkitekta- og verkfræðiteikningar

Farið var yfir grunnmynd, útlit og snið af aðalteikningum og engar athugasemdir gerðar.

Vakin var athygli á nauðsyn þess að fjölga húsbrennum með vísan í 14.6.1 gr.

Byggingarreglugerðar 112/2012. Einnig vakin athygli á að niðurfall vantar í bílastæði framan við hús. Fyrir liggur ósk um byggingarleyfi sem fer fyrir fund Umhverfisráðs.

3. Litlu-Hámundarstaðir, verkfræðiteikningar

Lagðar fram verkfræðiteikningar fyrir vélageymslu, verkstæði, gestahús, gróðurhús og geymslu á Litlu-Hámundarstöðum. Einnig eru komnar uppfærðar skráningartöflur.

Byggingarleyfi liggur fyrir.

4. Hólavegur 6 – Heilsugæslustöð, vinnuteikningar vegna lagfæringa á þakkanti

Farið yfir vinnuteikningar vegna breytinga á þakkanti á Hólavegi 6 unnar af Verkhof ehf. Um minniháttar breytingar á útliti að ræða þar sem sagað er ofan af kanti og byggt út yfir hann.

5. Bjarkarbraut 7, gluggaskipti

Farið var yfir beiðni um gluggaskipti og hún samþykkt. Búið er að ræða við húseigendur um að ef um frekari gluggaskipti er að ræða verði samræmi í útliti þeirra.

6. Hofsórkot, Svarfaðardal, aðalteikning

Lögð fram aðalteikning af nýrri vélageymslu. Engar athugasemdir eru gerðar við teikninguna. Haft verður samband við eiganda og óskað eftir formlegri ósk um byggingarleyfi.

7. Sörlaskjól, Svarfaðardal, aðalteikning

Lagðar fram aðalteikningar og afstöðumynd ásamt skráningartöflu fyrir sumarhúsið Sörlaskjól í landi Tjarnar í Svarfaðardal. Fyrir liggur ósk um byggingarleyfi sem fer fyrir fund Umhverfisráðs.

Ekki fleira fært til bókar og fundi lauk kl 9:20